

Auglýsing um friðland í Herdísarvík.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa jörðina Herdísarvík, Selvogshreppi, Árnassýslu og er hún friðland.

*Mörk friðlandsins eru þessi: Að vestan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells (x-682760,0 y-390000,0) sunnan við Grindaskörð, í Sýslustein (x-692533,8 y-378925,4) undir Geitahlíð og þaðan bein lína til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi (x-692603,2 y-376523,0).*

Að austan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells í Breiðabás.

Að sunnan 250 m út frá neðri fjörumörkum.

*Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra í engu í bága við tilgang friðlýsingar.
3. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða skaða varp.
4. Beit búfjár er óheimil innan girðingar í Herdísavíkurlandi.
5. Notkun skotvopna er óheimil í friðlandinu.
6. [Umhverfisstofnun] er heimilt að takmarka umferð um ákveðna hluta friðlandsins á ákveðnum tímum.

Sérstök nefnd er [Umhverfisstofnun] til ráðuneytis um málefni friðlandsins og skal hún þannig skipuð að Háskóli Íslands, náttúruverndarnefnd Árnassýslu og [Umhverfisstofnun] tilnefna einn fulltrúa í nefndina og er fulltrúi [Umhverfisstofnunar] jafnframt formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson

---

Runólfur Þórarinsson